

Sjöundi fundur Hverfisnefndar Lunda-og Gerðahverfis.

Lundarskóli 23.05.2006.

Mætt. Ingibjörg, Bryndís, Ingvar, Sædís og Aðalgeir.

Ingibjörg formaður setur fund.

Fyrsta verkefni á dagskrá var að færa til gönguferð um Lundahverfi sem átti að fara fram þetta kvöld en var frestað sökum snjóá. Ákveðið var að ganga um Gerðahverfi þann 6. júní, Lundahverfi 13 júní.

Rætt um hvort hverfisnefnd eigi að senda frá sér ályktun um lagningu tengibrauta í og við Lundahverfi. Ákveðið var að skrifa hlutlausa athugasemd til bæjarstjórnar þar sem hún er hvött til að hlusta á raddir fólksins í hverfinu. Ingvar tók að sér að skrifa hana.

Einnig var rætt var um það hvort samtök eins og hverfisnefndir þurfi fjárveitingu frá bænum, til dæmis til að standa fyrir fjölskylduhátíð. Ingibjörg mun hafa samband við aðra formenn vegna þessa máls að liðnu sumri.

Hverfisnefnd mun taka sér sumarfrí frá 20. júní og fram um miðjan ágúst.

Fundi slitið kl. 21.40.

Sædís